

## Náttúruvernd og framkvæmdir

### - í ljósi hugmynda um breytingar á þjóðvegi 1 um Mýrdal -

Náttúruverndarsamtök Suðurlands og önnur sambærileg frjáls félagasamtök sem starfa að náttúruverndar- og umhverfismálum hafa miklu hlutverki að gegna við náttúruvernd, og þau eru nánast eini formlegi farvegur almennra borgara til að koma sjónarmiðum í náttúruverndarmálum á framfæri til opinberra aðlila, sbr. umsagnir um lagafrumvörp og fleira.

Slíkum samtökum ber því að fylgjast með áætlunum um hvers konar framkvæmdir sem snerta náttúruna; mannvirkjagerð, notkun tilbúinna efna, inngríp mannsins í lífríki o.fl. og ennfremur að örva umræðu í samfélaginu um þau málefni. Þeirra markmið er einnig að að ýta undir umfjöllun og upplýsta umræðu meðal almennings um umhverfis- og náttúruverndarmál, á þeim sviðum sem snerta daglegt líf og umgengni almennings við náttúruna.

Nú á síðustu tímum eru sjónarmið framkvæmdahyggju mjög ríkjandi í landinu. Talsmenn hennar hafa leynt og ljóst haldið uppi áróðri gegn náttúru- og umhverfisvernd, á stundum með þeim hætti að líkja má við ofsóknir á stríðstímum. Þetta munstur á sér margar hliðstæður í sögunni þegar valdamenn reyna að þagga niður í þeim sem eru óþægilegir og ekki þóknanlegir, með stóryrðum, alls kyns háði og brigslum um þröngsýni og heimsku. Þetta hefur reynst árangursrík aðferð til að sveigja almenningsálitid gegn óvininum.

Hópur fólks er nú í mikilli herferð fyrir breytingum á legu þjóðvegur 1 um Mýrdal, fjórðu umtalsverðu breytingum á veglínu milli Víkur og Skeiðflatar á 20 ára tímabili. Rökin eru hættur á veginum sjálfum og viðsjárverð veður. Talsmenn hópsins hafa farið mikinn í fjölmiðlum og víðar og m.a. farið niðrandi orðum um alla þá sem fara vilja varlega í sakirnar og skoða málið frá ýmsum hliðum. Aðferðirnar segja meira um þá sem beita þeim en þá sem glósumnar beinast gegn. Einföld leið til að hleypa umræðunni ekki á of málefnalegar og lýðræðislegar brautir.

Enginn hefur hingað til bent á að hættur á vegum liggja fyrst og fremst í öikumönnum sjálfum og hvort eða hvernig þeir meta aðstæður í akstri. Enginn hefur bent á að veðurfarsþættir á þjóðvegi 1 á Suðurlandi eins og ísing, skafrenningur og sviptivindar eru ekki einangraðir við örstuttan kafla á veginum um Reynisfjall. Þessi fyrirbæri gera öikumönnum einnig lífið leitt í Örafum, við Lómagnúp, Klifanda, undir Eyjafjöllum eða Ingólfsfjalli og geta jafnvel hugsanlega skapast sunnan og vestan við Geitafjall eða Reynisfjall eða annars staðar á nýrri veglínu. Hvernig skildu menn ætla að ráða bót á því?

Varðandi umræddar hugmyndir og tillögur um jarðgöng og nýtt vegstæði í Mýrdal bendir stjórn NSS á að venjulega komi svo stórkostlegar breytingar á aðalskipulagi fram á fyrstu stigum skipulagsvinnu eða endurskoðunar og fái alla eðlilega umfjöllun og umræðu sem skipulagsferlið býður uppá. Ekki er venjan að svo stórar breytingar komi fram á síðustu stigum skipulagsferilsins þegar mest allri umræðu og umfjöllun er lokið. Einnig er bent á að ekki hafa farið fram neinar faglegar rannsóknir á margþættum áhrifum fyrirhugaðra framkvæmda, s.s. á lífríki svæðisins, veðurfari og atvinnulíf með tilliti til ferðaþjónustu og landbúnaðar. Vakin er athygli ferðaþjónustuaðila á þeirri staðreynd að langflestir erlendir ferðamenn koma til Íslands til að skoða og upplifa náttúru landsins. Þar vegur Mýrdalurinn með Reynisfjalli, bæði norðan- og sunnan, Dyrhólaey og nálægum svæðum mjög þungt, enda er svæðið aðgengilegt allan ársins hring. Í því sambandi fara mjög vel saman verndunarsjónarmið og atvinnutækifæri í ferðaþjónustu.

Samkvæmt framkomnum tillögum Mýrdalshrepps um jarðgöng og nýja veglínu þjóðvegur

1 um Mýrdal er gert ráð fyrir að þjóðvegurinn fari um Víkurfjöru sunnan Víkurkauptúns og vestan þess í gegnum Reynisfjall, þaðan liggi þjóðvegurinn um Dyrhólaós, um jaðar friðlandsins á Dyrhólaey eða um ósinn norðanverðan, þ.e. votlendi og friðlýstar náttúruminjar og vestur eftir Dyrhólhverfi eða um Geitafjall (með göngum sunnan Ketilsstaða eða yfir fjallið norðanvert).

Mýrdalur er mjög landþröngt hérað, en jafnframt eru svæði þau sem tillögur um nýja veglínu snerta mjög verðmæt frá náttúrufarslegu sjónarmiði, bæði á landsvísu en ekki síður á alþjóðavísu. Ströndin, sjávarhamrarnir, sjávarleirurnar, ósinn, fuglalífið, gamla þorpið í Vík og hin fornu byggðahverfi sveitarinnar eru eftirsótt til útivistar, ljósmyndunar og náttúruskoðunar, og tugir þúsunda ferðamanna sækja þetta svæði þess vegna á hverju ári. Mörg kennileiti, svo sem Víkurfjara, Reynisdrangar og Dyrhólaey eru þekkt um allan heim. Dyrhólaós, leirur hans og votlendi hafa mikla þýðingu fyrir fjölbreytt fuglalíf árið um kring, en einkum þó á vorin og fram á haust. Svæðið hefur því ómetanlegt náttúruverndargildi en ekki síður gífurlegt efnahagslegt gildi fyrir atvinnulíf og ferðaþjónustu, bæði í Mýrdal og í landinu almennt. Líta ber á það sem forgangsverkefni í skipulagsgerð að vernda þessi svæði gegn hverskonar raski og óafturkræfum framkvæmdum. Stjórnin telur einboðið að gerð sé athugun á úrbótum á núverandi veglínu með tilliti til umferðaröryggis. Samkvæmt upplýsingum á vefsíðu Vegaerðarinnar um hæð núverandi vegar um Reynisfjall er hann einungis um 119 metrar yfir sjávarmáli og getur hann því varla talist til erfiðra fjallvega hvað varðar hæð yfir sjó.

Að þessu samanlögðu leggst stjórn Náttúruverndarsamtaka Suðurlands gegn fyrirbyggjandi tillögum eins og þær eru kynntar á vefsíðu Mýrdalshrepps. Stjórn NSS telur með öllu ótímabært að sett sé í aðalskipulagstillögu ný veglína fyrir þjóðveg 1 fyrir en faglegar rannsóknir hafi leitt í ljós knýjandi nauðsyn þess að núverandi veglínu verði breytt. Þá hvarmar NSS aðdróttanir garð náttúruverndarfólks úr röðum talsmanna breytinga á veginum, en hvetur þess í stað til málefnalegrar umræðu og faglegra vinnubragða í hvívetna.

Stjórn Náttúruverndarsamtaka Suðurlands

[www.nss.is](http://www.nss.is)

[natturuvernd@nss.is](mailto:natturuvernd@nss.is)